

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulag:

Deiliskipulag fyrir dælu- og aðstöðuhús hitaveitu í landi Vaðness í Grímsnesi.

Deiliskipulagið nær til um 3.300 m² lóðar hitaveitu Vaðness í landi Vaðness. Á lóðinni eru tvö dæluhús og gert er ráð fyrir að heimilt verði að reisa allt að 100 m² dælu- og aðstöðuhús fyrir hitaveituna.

Samþykkt í sveitarstjórn 13. júlí 2007.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 12. desember 2007.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 21. desember 2007